

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 19. febrúar 2021.

Mál nr. 371/2019:

**Baldvin Bjarnason**

(*Sigurður Sigurjónsson lögmaður*)

**gegn**

**Eirbergi ehf.**

(*Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður*)

**og gagnsök**

**Lykilorð**

*Vinnusamningur. Trúnaðarskylda. Skaðabótamál.*

**Útdráttur**

Aðilar málsins deildu um hvort B hefði brotið gegn starfs- og trúnaðarskyldum sínum eftir að honum var sagt upp störfum hjá E. Byggði E kröfur sínar einkum á tilteknu ákvæði ráðningarsamnings aðila og að B hefði á uppsagnartímanum hafið undirbúning að samkeppni við E. Þessi undirbúningur hefði meðal annars falist í stofnun einkahlutafélags og samskiptum við G, sem var mikilvægur viðskiptavinur E og sem síðar færði viðskiptin sín til einkahlutafélags B. Í dómi Landsréttar var rakið að af samningi aðila yrði ekki annað ráðið en að B hefði verið heimilt að hefja samstarf við G eftir lok ráðningarsambandsins. Einnig að af gögnum málsins og framburði svæðis- og dreifingarstjóra G mætti ráða að samstarf B og G hefði hafist eftir að E rifti ráðningarsamningi aðila. Af þessum sökum hefði ekkert verið því til fyrirstöðu að B tæki upp samstarf við G eftir lok ráðningarsambandsins. Þá var ekki fallist á að stofnun einkahlutafélagsins á uppsagnartímanum hefði falið í sér brot á trúnaðarskyldu enda hefði E ekki fært fram neinar sönnur á að B eða einkahlutafélagið hefði verið í samkeppnisrekstri við E á þeim tíma eða aðhafst nokkuð sem gæti talið fela í sér slíkt brot á trúnaðarskyldu. Loks var talið að samskipti B og G á uppsagnartímanum hefðu ekki falið í sér brot gegn trúnaðarskyldu B og að E hefði ekki fært sönnur á að B hefði nýtt sér atvinnuleyndarmál eða aðrar upplýsingar í andstöðu við þágildandi 16. gr. c laga nr. 57/2005. Var B því sýknaður af kröfum E.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir.

**Málsmeðferð og dómkröfur aðila**

- 1 Aðaláfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 27. maí 2019. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 2019 í málinu nr. E-998/2018.

- 2 Aðaláfrýjandi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti. Til vara krefst hann þess að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar verulega, að vextir verði aðeins dæmdir „frá dómsuppsögudegi“ og að málskostnaður á báðum dómstigum verði látinn niður falla.
- 3 Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu fyrir sitt leyti 1. ágúst 2019. Hann krefst þess að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 33.883.756 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. febrúar 2016 til 8. febrúar 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 4 Í gagnsök krefst aðaláfrýjandi sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda.
- 5 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti gaf skýrslu vitnið Flemming Krogh.

### **Málsatvik**

- 6 Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram hóf aðaláfrýjandi störf hjá gagnáfrýjanda árið 2005 og starfaði þar sem sölumaður fram til þess er honum var sagt upp störfum í lok október 2015 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Helstu verkefni aðaláfrýjanda voru að annast sölu og þjónustu varnings frá danska fyrirtækinu V. Guldmann A/S (Guldmann) en gagnáfrýjandi hafði átt í samstarfi við það fyrirtæki í mörg ár. Aðaláfrýjandi stofnaði einkahlutafélagið Titus 3. nóvember 2015 og samkvæmt samþykktum þess var tilgangur félagsins að flytja inn vörur, selja þær og þjónusta. Gagnáfrýjanda barst síðan tölvubréf frá fyrirsvarsmanni Guldmann 4. janúar 2016 þar sem honum var tilkynnt að félagið hygðist taka upp samstarf við nýjan aðila á Íslandi. Í framhaldi af því rifti gagnáfrýjandi ráðningarsamningi við aðaláfrýjanda 21. janúar 2016 og bar við vanefndum og grófum brotum aðaláfrýjanda á samningnum. Aðaláfrýjandi mótmælti riftuninni með bréfi 27. janúar 2016. Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta á hendur aðaláfrýjanda 22. mars 2018 þar sem hann krafði aðaláfrýjanda um skaðabætur vegna brota á ráðningarsamningi og brota á trúnaðarskyldu í vinnusambandi.

### **Niðurstaða**

- 7 Flemming Krogh, svæðis- og dreifingarstjóri Guldmann í Evrópu, gaf skýrslu fyrir Landsrétti. Í skýrslu hans kom fram að honum hefði litist illa á þá fyrirætlan gagnáfrýjanda að láta aðra starfsmenn sína annast um sölu og dreifingu á vörum frá fyrirtækinu eftir að aðaláfrýjanda var sagt þar upp störfum. Hafi félagið auk þess ekki verið ánægt með samstarfið við gagnáfrýjanda og talið að vörum þess hefði ekki verið komið á framfæri á fullnægjandi hátt á Íslandi. Hafi Guldmann því ekki haft áhuga á að eiga í frekari viðskiptum við gagnáfrýjanda. Kvaðst hann hafa haft samband við aðaláfrýjanda um áramótin 2015/2016 og óskað eftir því að hann tæki upp samstarf við Guldmann. Aðaláfrýjandi hafi hins vegar svarað því til að hann væri skuldbundinn gagnáfrýjanda til loka janúar 2016 og gæti af þeim sökum ekki tekið upp viðræður

um samstarf við félagið. Í byrjun febrúar það ár hafi á hinn bóginn náðst samkomulag um samstarf við Titus ehf.

- 8 Gagnáfrýjandi reisir kröfu sína á því að aðaláfrýjandi hafi brotið gegn starfsskyldum sínum meðan á uppsagnarfresti stóð og hefur um kröfu sína einkum vísað til ákvæðis í fyrrgreindum ráðningarsamningi, sem undirritaður var 18. maí 2005. Þar segir í 5. grein: „Ef starfsmaður hættir störfum hjá Eirbergi ehf., er óskað eftir að hann hefji ekki störf hjá samkeppnisaðila innan 6 mánaða frá starfslokum. Verði þess sérstaklega óskað og viðkomandi verði fyrir beinum fjárhagslegum skaða vegna þess, þá mun félagið bæta hann.“ Kveður gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda hafa snúið sér til mikilvægs viðskiptavinar síns, Guldmann, meðan á uppsagnarfresti stóð og hafið undirbúning að samkeppni við gagnáfrýjanda meðal annars með því að stofna einkahlutafélagið Titus 3. nóvember 2015. Með því hafi hann brotið gegn trúnaðarskyldu sinni gagnvart gagnáfrýjanda.
- 9 Á gildistíma ráðningarsamnings ber starfsmanni skylda til þess að aðhafast ekkert sem getur talist vera í samkeppni við vinnuveitanda hans. Hefur meðal annars verið litið svo á í réttarframkvæmd að það eitt að leita sér að vinnu hjá samkeppnisaðila vinnuveitanda á meðan ráðningarsamband er enn í gildi teljist ekki fela í sér brot á trúnaðarskyldu starfsmanns, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 5. júní 2008 í málum nr. 334 til 340/2007 og 18. desember 2003 í máli nr. 228/2003. Hið sama verður talið gilda um stofnun félags í kjölfar uppsagnar vinnuveitanda á ráðningarsamningi, enda liggi þá ekkert fyrir um að það félag eða viðkomandi starfsmaður hafi á uppsagnarfresti hafið samkeppnisrekstur eða viðhaft aðrar sambærilegar ráðstafanir sem geti talist vera andstæðar hagsmunum vinnuveitanda.
- 10 Ákvæði í 5. grein fyrrgreinds ráðningarsamnings verður ekki skilið svo að í því felist að aðaláfrýjanda hafi verið óheimilt að hefja störf hjá eða fyrir samkeppnisaðila gagnáfrýjanda eftir lok ráðningarsambandsins. Af samningnum verður heldur ekki ráðið að aðaláfrýjanda hafi að þeim tíma loknum verið óheimilt að taka upp samstarf við viðskiptavini gagnáfrýjanda. Af því leiðir að ekkert var því til fyrirstöðu að aðaláfrýjandi tæki upp samstarf í gegnum félagið Titus ehf. við Guldmann eftir lok ráðningarsambandsins. Það að aðaláfrýjandi hafi stofnað Titus ehf. í kjölfar uppsagnar ráðningarsamningsins felur ekki í sér brot á trúnaðarskyldu hans en gagnáfrýjandi hefur ekki fært fram neinar sönnur á að aðaláfrýjandi eða fyrrgreint félag hafi verið í samkeppnisrekstri við hann á uppsagnartímanum eða aðhafst nokkuð sem getur talist fela í sér brot á trúnaðarskyldu. Ekki verður fallist á að samskipti aðaláfrýjanda við Flemming Krogh, svæðis- og dreifingarstjóra Guldmann, meðan á uppsagnarfresti stóð hafi falið í sér slíkt brot. Er þá til þess að líta að Flemming Krogh bar hér fyrir dómi að aðaláfrýjandi hefði ekki, þrátt fyrir óskir þar um, viljað taka upp samstarf við fyrirtækið fyrr en að loknum uppsagnarfresti. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að það hafi gengið eftir og að aðaláfrýjandi hafi ekki fram að riftun gagnáfrýjanda á ráðningarsamningnum 21. janúar 2016 gripið til neinna ráðstafana

sem geta talist fela í sér brot á trúnaðarskyldu hans. Verður af framangreindum ástæðum ekki fallist á að aðaláfrýjandi hafi gerst brotlegur við ákvæði ráðningarsamningsins eða óskráðar trúnaðarskyldur sínar gagnvart gagnáfrýjanda.

- 11 Gagnáfrýjandi hefur loks borið því við að aðaláfrýjandi hafi gerst brotlegur við 16. gr. c laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sem var í gildi á þeim tíma sem hér um ræðir en var samkvæmt 4. tölulið 20. gr. laga nr. 131/2020 um viðskiptaleyndarmál fellt úr lögum við gildistöku síðastnefndra laga 17. desember 2020. Eins og fyrr hefur verið rakið hefur gagnáfrýjandi ekki fært sönnur á að aðaláfrýjandi hafi gerst brotlegur við trúnaðarskyldur sínar gagnvart honum. Hefur gagnáfrýjandi ekki heldur fært sönnur á að aðaláfrýjandi hafi nýtt sér atvinnuleyndarmál eða aðrar upplýsingar sem fyrrgreint ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005 náði til. Verður af þeim sökum ekki fallist á að aðaláfrýjandi hafi gerst brotlegur við það ákvæði.
- 12 Samkvæmt framansögðu verður aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.
- 13 Gagnáfrýjanda verður gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað vegna reksturs málsins í héraði og fyrir Landsrétti sem ákveðinn verður í einu lagi eins og greinir í dómsorði.

### **Dómsorð:**

Aðaláfrýjandi, Baldvin Bjarnason, er sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Eirbergs ehf.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 2.000.000 króna í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 2019**

1. Mál þetta var höfðað 22. mars 2018 og tekið til dóms 4. apríl 2019. Stefnandi er Eirberg ehf., Stórhöfða 25 í Reykjavík. Stefndi er Baldvin Bjarnason, Ystaseli 23 í Reykjavík.
2. Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 33.883.456 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. febrúar 2016 til 8. febrúar 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að fjárhæð 8.512.239 krónur. Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og dráttarvextir aðeins dæmdir frá dómsuppsögudegi. Í báðum kröfum sínum krefst stefndi þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað.
3. Stefndi hóf störf sem sölumaður hjá stefnanda árið 2005 og starfaði sem slíkur fram í janúar 2016. Meðal helstu verkefna stefnda var að annast sölu og þjónustu vara frá danska fyrirtækinu Guldmann sem stefnandi og forveri þess fyrirtækis höfðu átt í samstarfi við frá því snemma á níunda áratug síðustu aldar. Guldmann er leiðandi framleiðandi á lyftibúnaði sem notaður er við umönnun sjúkra og hreyfihamlaðra. Stefnandi sagði stefnda upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti í lok

október 2015 og skyldi uppsagnarfrestinum ljúka í lok janúar 2016. Ástæða uppsagnarinnar var sögð vera trúnaðarbrot. Stefndi stofnaði einkahlutafélagið Titus 4. nóvember 2015 og samkvæmt samþykktum þess skyldi tilgangur félagsins vera að flytja inn vörur, selja þær og þjónusta. Um áramótin 2015 og 2016, meðan uppsagnarfresturinn stóð, voru stefndi og fyrirvarsmáður Guldmanns í samskiptum sem stefndi segir að hafi verið að frumkvæði Guldmanns þar sem stefnda mun hafa verið boðið að taka við hlutverki stefnanda gagnvart Guldmann héraðs. Stefndi kveðst ekki hafa tekið þessu boði í fyrstu en látið til leiðast, eftir að uppsagnarfresturinn gagnvart stefnanda var úti, að taka þetta hlutverk að sér. Þann 4. janúar 2016 barst stefnanda tölvubréf frá fyrirvarsmanni Guldmanns þar sem upplýst var um að félagið hygðist taka upp samstarf við nýjan aðila á Íslandi. Stefnandi, sem taldi ástæðu til að gruna að stefndi kæmi að þessum sinnaskiptum Guldmanns, rifti ráðningarsamningi við stefnda með bréfi 21. janúar 2016 og bar við vanefndum og grófum brotum stefnda. Taldi stefnandi að stefndi hefði brotið gegn hagsmunum sínum með því að freista þess að véla til sín viðskiptamenn og áskyldi sér rétt til skaðabóta úr hendi hans. Fyrirtæki stefnda, Titus, tók þátt í útboði Ríkiskaupa og Sjúkratrygginga Íslands og gerði tilboð um sölu á vörum frá Guldmann og voru tilboð opnuð 3. febrúar 2016.

4. Stefnandi telur að stefndi hafi með háttsemi sinni brotið gegn ráðningarsamningi sínum við stefnanda og gegn skráðum og óskráðum réttarreglum um trúnaðarskyldur í vinnusambandi. Þannig hafi stefndi á ráðningartíma sínum hjá stefnanda stofnað til samkeppnisrekstrar gegn stefnanda og markvisst unnið að því að ná til sín verðmætum viðskiptasamböndum við aðila sem honum hafði verið trúað fyrir að annast um samskipti við í þágu stefnanda. Þessi háttsemi stefnda hafi verið saknæm og ólögmat og hafi valdið stefnanda verulegu tjóni. Það tjón sé í augljósu orsakasambandi við atferli stefnda og sé sömuleiðis sennileg afleiðing af atferli hans.
5. Stefnandi telur tjón sitt felast í tapaðri framlegð af sölu og þjónustu á vörum Guldmanns á Íslandi. Stefnandi fékk dómkvaddan matsmann til að meta tjón sitt og varð það niðurstaða matsmannsins að tjón stefnanda næmi alls 29.417.944 krónum miðað við 1. febrúar 2016 er viðskiptum stefnanda og Guldmanns lauk. Stefnandi telur sig einnig hafa orðið fyrir tjóni vegna óendurkræfs kostnaðar af kaupum á varahlutum frá hinum danska framleiðanda. Niðurstaða matsmanns var að þetta tjón stefnanda næmi alls 2.300.243 krónum. Þá telur stefnandi sig einnig hafa orðið fyrir tjóni vegna óendurkræfs kostnaðar af markaðssetningu á vörum Guldmanns á Íslandi. Niðurstaða matsmanns var að þetta tjón stefnanda næmi 649.809 krónum. Loks telur stefnandi sig geta krafist stefnda um endurgreiðslu launa í uppsagnarfresti með því að hann hafi rift ráðningarsamningi við stefnda sem honum hafi verið rétt að gera vegna trúnaðarbrot stefnda. Þetta telur stefnandi leiða til þess að stefnda beri að endurgreiða þau laun sem hann fékk frá stefnanda á uppsagnarfresti í nóvember og desember 2015, samtals 1.461.710 krónur. Stefnandi vísar auk ólögfesta reglna og ákvæðis ráðningarsamnings til 16. gr. c í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þar segir að óheimilt sé í atvinnustarfsemi að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum og að þeim sem fengið hafi vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan sé bannað að veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.
6. Stefndi hafnar afdráttarlaust skýringum stefnanda á uppsögn sinni. Stefndi telur þær skýringar ósannar og fullyrðir að hann hafi á engan hátt rofið trúnað gagnvart stefnanda sem réttlætt hefði uppsögn hans. Stefndi vísar til þess að eftir að honum hafi að ósekju verið sagt upp störfum hjá stefnanda hafi honum verið nauðugur sá kostur að finna sér ný verkefni. Hann hafi hafið undirbúning þessa með því að stofna Titus ehf. í nóvember 2015. Rekstur félagsins hafi þó ekki hafist fyrr en eftir að uppsagnarfresti hans hjá stefnanda lauk í lok janúar 2016. Stefndi vísar því á bug að hann hafi á nokkurn hátt reynt að stuðla að því að ná til sín viðskiptum sem áður voru hjá stefnanda

meðan á uppsagnarfrestinum stóð eða fyrr. Hann fullyrðir að það hafi verið að frumkvæði fyrirsvaramanna Guldmanns sem stofnað var til samskipta við hann um áramótin 2015 og 2016 en að hann hafi ekki tekið að sér verkefni fyrir Guldmann fyrr en eftir að uppsagnarfresti hans lauk.

7. Stefndi hafnar því að hann hafi brotið gegn trúnaðarskyldum sínum gagnvart stefnanda með því að taka að sér verkefni fyrir danska fyrirtækið Guldmann. Hann vísar til þess að ákvæði ráðningarsamnings hans við stefnanda sem varðar bann við samkeppnisatvinnu sé þannig orðað að ekki verði á því byggt um að athafnafrelsi stefnda hafi með því verið takmarkað á nokkurn hátt. Þá verði, jafnvel þó að ákvæðið yrði talið hafa einhverja þýðingu, að takmarka þau áhrif við það að stefnda hafi verið óheimilt að hefja störf hjá samkeppnisaðila í sex mánuði frá starfslokum hjá stefnanda. Þetta gildi þó einu þar sem ljóst sé að stefndi hafi alls ekki hafið störf hjá samkeppnisaðila. Stefndi gerir alvarlegar athugasemdir við niðurstöður hins dómkvadda mats sem stefnandi aflaði. Hann vísar til þess að hinn dómkvaddi matsmaður hafi ekki sinnt neinni sjálfstæðri gagnaöflun heldur aðeins byggt á gögnum sem honum hafi verið fengin frá stefnanda. Þetta leiði til þess að matsgerð sé einhliða og ómarktæk og að ekki sé á henni byggjandi um meint tjón stefnanda.

#### *Niðurstaða*

8. Starfsmaður sem tekur að sér störf í þágu atvinnurekanda gengst undir það með ráðningu sinni að vinna að hagsmunum atvinnurekanda síns og sýna honum trúnað, sem meðal annars felur í sér að starfsmanni er óheimilt að stuðla að því að atvinnurekandi hans missi viðskipti eða að atvinnurekstur hans verði fyrir tjóni. Þessar skyldur starfsmannsins standa meðan ráðningarsambandið varir og einnig að nokkru eftir að því lýkur. Fer eftir atvikum hversu lengi og í hversu ríkum mæli trúnaðarskyldur starfsmanns standa eftir lok ráðningarsambands. Þannig hefur verið talið heimilt með ákvæði í ráðningarsamningi að leggja bann við ráðningu starfsmanns til samkeppnisatvinnu í afmarkaðan tíma eftir lok ráðningarsamnings. Slíkum ákvæðum verður þó að setja mörk með tilliti til hagsmuna starfsmanns og atvinnufrelsis hans. Því lengur sem banni er ætlað að standa, þeim mun betur afmarkað þarf umfang þess að vera og þeim mun ljósara hvaða fyrirtæki það eru sem starfsmaður má ekki ráða sig til og hvers konar atvinnu starfsmaðurinn má ekki stunda. Ákvæði ráðningarsamnings stefnda um bann við ráðningu stefnda til samkeppnisatvinnu eftir starfslok er óljóst og klúðurslega orðað. Á því ákvæði verður tæplega byggt um annað en það að stefnandi hafi ekki ætlað samkeppnishömlum lengri gildistíma gagnvart starfsmanninum en sex mánuði.
9. Þrátt fyrir haldleysi hins óljósa ákvæðis ráðningarsamnings stefnda um bann við ráðningu til samkeppnisatvinnu eftir starfslok gat stefnda ekki dulist að hann var eigi að síður bundinn trúnaði við atvinnurekanda sinn meðan ráðningarsamband þeirra varði. Þetta átti enn frekar við þar sem um var að ræða sérhæfða þjónustu- og sölustarfsemi á borð við þá sem stefnandi stundar. Í slíkum viðskiptum er atvinnurekandi nauðbeygður til að fela einstökum starfsmönnum sínum að fara með viðkvæmar upplýsingar og persónutengsl við viðskiptamenn sem hann verður að geta treyst að starfsmaður misnoti sér ekki til tjóns fyrir atvinnureksturinn. Af óumdeildum atvikum málsins er ljóst að stefndi hafði hafið undirbúning samkeppnisatvinnurekstrar löngu áður en ráðningarsambandi hans og stefnanda lauk, er hann stofnaði Titus ehf. í nóvember 2015. Þá er frásögn stefnda um samskipti sín við hið danska fyrirtæki Guldmann með nokkrum ólíkindablæ. Hvernig sem því var annars í raun háttað er ljóst að stefndi gat gert umfangsmikið tilboð þar sem hann í nafni atvinnufyrirtækis síns bauð til sölu vörur frá Guldmann og tilboð voru opnuð aðeins þremur dögum eftir að uppsagnarfresti stefnda hjá stefnanda skyldi ljúka. Dómurinn fellst ekki á skýringar stefnda á þessu. Stefndi hefur neitað, þrátt fyrir áskoranir stefnanda og tilmæli matsmanns, að leggja fram gögn úr bókhaldi Titusar ehf., hvort heldur sem er um rekstur félagsins á fyrstu starfsmánuðum þess eða um gögn þau sem varða fyrsta tilboð Titusar ehf. með vörum frá Guldmann. Dómurinn telur með hliðsjón af þessu sýnt að stefndi hafi hafist handa um að starfa í þágu Guldmanns áður en

uppsagnarfresti hans lauk hjá stefnanda. Telur dómurinn því að fallast verði á það með stefnanda að stefndi hafi brotið gegn trúnaðarskyldum sínum gagnvart honum og með því bakað sér bótaskyldu gagnvart stefnanda.

10. Viðskiptasamband stefnanda og hins danska fyrirtækis Guldmanns, sem varað hafði í meira en þrjú áratugi er stefndi náði því til sín, var ekki einkaumboð eða skriflegur samningur með gagnkvæmum loforðum um trúnað eða festu. Eigi að síður var um að ræða langvarandi og verðmætt viðskiptasamband sem stefnanda var rétt að líta á sem mikilvæga eign í rekstri sínum, viðkvæmt viðskiptasamband sem stefnda var trúað fyrir að rækta. Þeim trúnaði brást stefndi. Á hinn bóginn gerði stefnandi ekki viðeigandi eða fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að stefndi yrði bundinn af trúnaðarákvæðum ráðningarsamnings síns svo sem honum hefði verið unnt og eðlilegt getur talist. Þannig verður að leggja til grundvallar að stefndi gat reynt að ná til sín viðskiptum frá stefnanda að liðnum sex mánuðum frá lokum ráðningarsamnings aðila án þess að slíkt hefði verið talið brot á ráðningarsamningi hans eða almennum trúnaðarskyldum. Af þessu leiðir að mat hins dómkvadda matsmanns verður ekki að fullu lagt til grundvallar um tjón stefnanda vegna saknæmrar háttsemi stefnda. Bætur verður því að meta að álitum. Með hliðsjón af atvikum öllum eru hæfilegar bætur úr hendi stefnda til stefnanda 10.000.000 króna. Þá er rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 7.000.000 króna að teknu tilliti til útlagðs kostnaðar stefnanda og kostnaðar vegna þóknunar lögmanns hans. Af hálfu stefnanda flutti málið Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Magnús Guðlaugsson lögmaður. Málið dæmdi Ástráður Haraldsson héraðsdómari.

#### Dómsorð

Stefndi, Baldvin Bjarnason, greiði stefnanda, Eirbergi ehf., 10.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. febrúar 2016 til 8. febrúar 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda 7.000.000 króna í málskostnað.